



Spjallað við dr. Jóhannes Nordal um bankana.

Munu bankarnir breytast?

Á því er naumast vafi, að einn áhrifamesti bankamaður þessa lands hefur verið um nokkurt árabíl dr. Jóhannes Nordal, Seðlabankastjóri, en hann kom til starfa í Landsbanka Íslands sem hagfræðingur árið 1954. Fjórum árum síðar var hann settur bankastjóri við Landsbankann og síðan árið 1961 hefur hann verið bankastjóri í Seðlabanka Íslands. Er þá aðeins talið brot af trúnaðarstöðum þeim, er hann hefur gegnt hér á landi eftir að hann lauk doktorsprófi í hagfræði við Lundúnarháskóla árið 1953.

Við hittum Jóhannes að máli í skrifstofu hans í Seðlabankanum á dögnum og spurðum hann fyrst um forsögu bankanna.

— Elzti bankinn hér á landi er Landsbankinn, en hann var stofnaður með lögum frá 18. september 1885 og er því senn 90 ára gamall. Sparisjóðir voru þó eldri, t. d. Sparisjóður

Reykjavíkur, er gekk inn í Landsbankann, er hann tók til starfa, og Sparisjóður Siglufjarðar, sem varð 100 ára í fyrra.

— Elztu bankar í heiminum í þeirri mynd, er við teljum banka vera, eru frá 16. öld og elzti banki, sem ég hef heimsótt, er sænski ríkisbankinn, en hann var stofnaður árið 1668. Hann mun vera elzti þjóðbanki í heiminum í dag.

— Hvað kom í staðinn fyrir bankana áður en þeir tóku til starfa? Hver sá atvinnuvegunum fyrir fjármagni?

— Upphaflega voru bankaviðskipti rekin af auðugum gullsmiðum. Þetta byrjaði með því, að þeir fóru að taka við verðmætum til varðveislu og fóru svo að lána út á þau verðmæti, sem þeir höfðu undir höndum. Á Íslandi voru það kaupmenn og verzlani, sem lánuðu útvegmönnum og bændum. Það var því verzlunin, sem stundaði lánsviðskipti, en önnur lánastarfsemi hefur verið sáralítill.

Auðvitað hafa ríkir menn alltaf verið slegnir um lán, svo og vinir og kunningjar, sem voru aflögufærir, eins og tíðkast enn þann dag í dag.

Um skipulega lánastarfsemi var hins vegar ekki að ræða hér á landi fyrr en umræddar stofnanir komu til skjalanna. Á hitt er líka að líta, að á þeim tíma var enginn möguleiki hér á landi til þess að ávaxta fé í peningastofnun og menn urðu að ávaxta það með öðrum hætti, eða grafa það hreinlega í jörðu eins og þjónn ríka mannsins í Biblíunni gerði. Eina ráðið fyrir þá sem áttu lausafé, var að kaupa fyrir það jarðir, eða jarðarparta, því eina ávöxtunarleiðin var að eiga jarðir, eða kúgildi á jörðum, sem var fylgifé jarða.

— Svo vikið sé að öðru. Búa Íslendingar nú við svipað bankakerfi og hinar Norðurlandabjóðirnar?

— Mér sýnist að við séum nú með nokkuð alhliða bankakerfi. Hér er veitt mjög sambærileg

þjónusta og almenningi er veitt á Norðurlöndum. Hinu er svo ekki að leynd, að við höfum ekki svipaðan peninga- og verðbréfa-markað. Bankakerfið skortir þess vegna þann sveigjanleika t. d. í vöxtum, sem peninga- og verðbréfamarkaður leiðir af sér.

Verðbréfavíðskipti tíðkast að vísu hér á landi, en hér er ekki um að ræða skipulagðan markað, þar sem ríkir frjáls verðmyndun og þar með frjáls vaxtamyndun.

Ef við tökum Danmörku sem dæmi, þá er meginhluti fjárfestingalána þar í landi fjármagnaður með verðbréfaútgáfu, en verðbréfin eru síðan seld á frjálsum verðbréfamarkaði. Þau eru skráð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn og gengi þeirra og vextir eru síbreytilegir. Þarna myndast sjálfkrafa markaðsvextir, sem tryggja oft sémilega arðsemi.

Staða fyrirtækja og álit ræður þá úrslitunum um það, hvort unnt er að ifjármagna þau og að hvaða marki.

— *Vinna hlutfallslega jafn margir í bönkum hér og á hinum Norðurlöndunum?*

— Samkvæmt skýrslu bankamálanefndar frá 1971 unnu 1489 manns í bönkunum og eru þá taldir í starfslíðinu þeir, sem vinna ýmis þjónustustörf innan þessara stofnana, svo sem við ræstingu og í mótuneytum. Ef aðeins eru taldir þeir, sem vinna „bankastörf“, þá var tala starfsmanna um sama leyti 1414 manns. Þetta er hlutfallslega heldur hærri starfsmannatala en á Norðurlöndum, en erfitt er um nákvæman samanburð. Strjálbýli eins og hér veldur auknum starfsmannafjölda, færri viðskiptamenn verða um hverja afgreiðslu.

— *Mörgum finnst starf bankanna vera að breytast og vera að færast inn á ýmis ný hagræn svið. Eru fyrirsjáanlegar breytingar á starfslíði bankanna, að til fækkunar dragi eða fjölgunar, eða að breyttrar menntunar verður krafizt í bönkum?*

— Það er margt að gerast, sem valda mun breytingum á starfsmannabörf bankanna og mun valda nýrri þróun í starfssviði bankanna. Í fyrsta lagi eru bankarnir farnir að taka að sér víðfeðmari þjónustu við almennig. Er þarna átt við alls konar innheimtur og greiðslur, sem nú fara um bankakerfið, en fóru aðrar leiðir áður. Til þess að gera þessa auknu þjónustu fljótvirka og örugga kemur vélvæðingin til skjalanna. Nú er t. d. verið að vinna að sameiginlegri reiknistofu bankanna í Reykjavík og sameiginlegri reiknistofnun fyrir allt bankakerfið gæti verið skemmra undan en menn gera sér grein fyrir nú.

Þetta ætti að hafa áhrif á starfsmannafjöldann, sér í lagi við almenn skrifstofustörf. Tölvufræðingum mun fjölga, en tala herra settra starfsmanna mun fjölga vegna meiri sérhæfingar í ákvarðanatökum.

— Þetta kallar óhjákvæmilega á nýjar menntabrotir og nauðsynlegt mun að fjölga námskeiðum í ýmsum greinum til þjálfunar fyrir starfslíð bankanna.

— *Nokkur breyting fyrirhuguð á lánamálum?*

— Það er enginn vafi á því, að í framtíðinni munu fyrirtæki og viðskiptamenn sækja meiri ráðgjöf til bankanna en verið hefur. Íslenskir bankar eru þegar farnir að beita sérfræðilegum aðferðum

við að fjalla um lánsúmsóknir. Fyrirtæki og einstaklingar skila inn áætlunum og skýrslum, sem síðan eru metnar sérfræðilega af bönkunum.

— Í þessu er fólgin mikil breyting. Í gamla daga lánuðu bankarnir aðallega út á tvennt: Út á tryggingar og út á andlitið á mönnum, eins og það var orðað. Öll lánastarfsemin byggðist á þessu tvennu; gat bankinn fengið viðunandi tryggingar og treysti hann viðskiptamönnum. Þetta traust byggðist á almennu mati bankastjórnarinnar og skoðun á því, hvernig viðkomandi aðilar höfðu staðið við skuldbindingar sínar fram til þessa.


Þessi sjónarmið hafa auðvitað ennþá fullt gildi, en fleira kemur þó til. Bankarnir beita því nú auk þessa sérfræðilegum athugunum til að meta fjárbörf og greiðslugetu viðskiptamanna og skoða áætlanir, sem þeir leggja fram.

Síðan er það metið, hvort unnt sé að verða við lánsbeiðnum, og þá jafnvel, hvort unnt sé að krefjast minni trygginga, en ella hefði verið krafizt. Og þá getur það einnig gerzt, að bankinn finni eitthvað athugavert í áætlunum fyrirtækja og geti þannig afstýrt erfiðleikum.

Fyrirtæki, einkum þau smærri, hafa ekki á sínum snærum sérfræðinga til allra hluta, en bankar ættu að hafa slíku starfslíði á að skipa til þess að veita viðskiptamönnum sínum meira öryggi í fjárfestingarmálum.

Í þessu er fólgin umtalsverð breyting á viðskiptalífinu og bankaðjónustunni.

— *Hvar stendur Samband íslenskra bankanna í þeirri þróun sem í vændum er?*




Fundarsalur S.Í.B.

— Samband íslenskra banka-
manna er nú fertugt. Ég hef
kynnst störfum þess gegnum
árin og átti á sínum tíma sæti
í stjórn Sambandsins. Samband-
ið hefur að sjálfsgöðu fyrst og
fremst því hlutverki að gegna
að vera á verði um hagsmuni
stéttarinnar og stuðla með öll-
um ráðum að því að styrkja stöðu
bankamanna í þjóðfélaginu.
Bankarnir þjálfva og mennta sitt
starfslið að miklu leyti og þarf sú
starfsemi að eflast, og Samband-
ið hefur að mínu áliti sérstöku
hlutverki að gegna í menntamál-
um stéttarinnar, og skal þó ekki
dregið úr mikilvægi annarra
starfa, er það hefur með hönd-
um.

SAMVINNUBANKINN ÁVAXTAR SPARIFÉ YÐAR MEÐ HÆSTU VÖXTUM

ÚTIBÚ ÚTI Á LANDI

AKRANESI
GRUNÐARFIRÐI
KRÓKSFJARBARNESI
PATREKSFIRÐI
SAUÐÁRKRÓKI
HÚSAVÍK
KÓPASKERI
VOPNARFIRÐI
STÓÐVARFIRÐI
VÍK Í MÝRDAL
KEFLAVÍK
HAFNARFIRÐI



SAMVINNUBANKINN

BANKASTRÆTI 7, REYKJAVÍK sími 20700 — ÚTIBÚ HÁALEITISBRAUT 68, RVÍK

HBS